



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrr.
henny@minjastofnun.is

Kópavogsbær
Fannborg 2
200Kópavogur

Reykjavík, 26. febrúar 2025
MÍ202501-0073/ 6.08 / 0875

Efni: Kársnes – Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags, kynning tillögu á vinnslustigi.

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 16. janúar 2025, þar sem fram kom að Kópavogsbær óskaði eftir umsögn stofnunarinnar fyrir *Kársnes Þróunarsvæði – Rammahluta aðalskipulags*, (kynning á vinnslustigi), mál númer 0580/2024. Meðfylgjandi erindinu var greinargerð, *Vestanvert Kársnes*, unnin af Alta, dagsett 13. janúar 2024 (á sennilega að vera 2025) nr. A1670-012-U09 ásamt bréfi um tilhögun kynningar og samráðs dagsett 11.12.2024 nr. A1670-040-U05. Einnig fylgdi erindinu minnisblað VSÓ um umferðargreiningu á Kársnesi, dagsett 13.12.2024.

Fyrir liggur skýrslan *Fornleifaskrá Kópavogs – Endurskoðuð*, unnin af Bjarna F. Einarssyni árið 2019. Samkvæmt þeirri skýrslu eru fjórar fornleifar skráðar fremst á Kársnesinu. Einnig liggur fyrir skýrslan *Kársnes byggðakönnun*, unnin af Önnu Maríu Bogadóttur árið 2023. Minjastofnun tekur undir þær tillögur sem lagðar eru fram um verndun húsa og mannvirkja í byggðakönnuninni.

Minjastofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir ofangreint mál dagsett 21. júní 2024 og er afmörkun svæðisins, sem nú er til umsagnar, sú sama og í skipulagslýsingunni. Í fyrri umsögn Minjastofnunar var farið fram á að bætt yrði við upplýsingum um fornleif nr. 5 (bæjarstæði) í kafla 2.2 um fornleifar, en það hefur ekki verið gert og í greinargerðinni sem nú er til umsagnar er enginn kafli um fornleifar og minjar. Að öðru leyti gerði Minjastofnun ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna, enda mikil áhersla lögð á að varðveita dýrmætan staðaranda Kársness og gera sögu svæðisins hátt undir höfði, í komandi skipulagsvinnu.

Í þeim skipulagsgögnum sem nú eru til umsagnar er fjallað um sögulega skírskotun í kafla 2. Þar er vísað í áðurnefnda byggðakönnun Kársness, þar sem skráðar eru einstakar byggingar sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi. Auk þess er bent á athyglisverð hús sem eru einkennandi fyrir ákveðin skipulagstímabil, byggingarlist, sögu eða tíðaranda. Tekið er sérstaklega fram, bæði í byggðarkönnuninni og í skipulagsgögnunum, að ef ráðgerðar eru breytingar á þessum athyglisverðu húsum, sé lagt til að metið verið hvort tilefni sé til hverfisverndar. Ekki kemur fram í skipulagsgögnum hvernig slíkt mat skuli fara fram.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Svæði B:

Reitur 14 - Vesturvör 12, gamla niðursuðuverksmiðja Ora er ein þessara athyglisverðu bygginga sem eru útnefndar í byggðakönnuninni, en í skipulagstillögunni sem hér er til umsagnar, er lagt til að hún verði rifin með þeim rökstuðningi að hún sé stór, gluggalaus, óregluleg í laginu og ekki í góðum tengslum við götuna. Rétt er að benda á að núverandi útlit byggingarinnar samanstendur af mörgum minni einingum- viðbyggingum sem reistar hafa verið yfir langt tímabil. Auðvelt ætti því að vera að laga bygginguna að nýju hlutverki með því að fjarlægja einhverjar viðbyggingar, bæta við gluggum sem hafa verið blindaðir og hanna umhverfið þannig að byggingin sé í betri tengslum við aðkomu og götu. Eftir skoðun á teikningum sem finna má á teikningavef Kópavogsbæjar telur Minjastofnun að sá hluti verksmiðjunnar sem reistur var árið 1971 gæti hentað vel fyrir nýja notkun enda býður burðarvirki hússins upp á mikla möguleika.

Reitur 6 – Minjastofnun bendir á misvísandi framsetningu í skipulagsgögnum að sýna nýjar byggingar á uppdrætti þótt textinn á sömu blaðsíðu fjalli um að framtíðarsýn fyrir reitinn sé að vinna að því að varðveita iðnaðarbyggingarnar við Kársnesbraut, sem lagt er til að vernda í gulum flokki og að karakter reitsins skuli vera samspil gamals og nýs.

Reitur 15 – Hér þarf að leiðrétta upplýsingar um Vesturvör 2B sem lagt er til að vernda í rauðum flokki en ekki gulum eins og fram kemur í skipulagsgögnunum.

Minjastofnun Íslands telur æskilegt að skipulagsyfirlögd kalli eftir ástandsskýrslu og tillögum að breytingum og uppbyggingarmöguleikum fyrir niðursuðuverksmiðju Ora, til þess að unnt sé að meta hvort tilefni sé til hverfisverndar, eins og lagt er til bæði í byggðakönnun og skipulagsgögnunum sem Kópavogsbær hefur lagt fram. Þetta á einnig við um önnur hús sem annað hvort er fyrirhugað að rífa eða óljóst er hvort ætlunin sé að rífa.

Minjastofnun styður og fagnar markmiðum Kópavogsbæjar um að varðveita dýrmætan staðaranda, en minnir á að þau iðnaðarhús sem þegar eru byggð, búa oft og tíðum yfir ákveðnum sérkennum sem endurspeglar upphaflegt notagildi þeirra. Þessi sérkenni, ásamt heildar ásjón hverfisins, eru lykilþættir þegar kemur að því að meta og viðhalda staðaranda.

Minjastofnun Íslands fer fram á að bætt verði við kafla um fornleifar og minjar í skipulagsgögnin. Stofnunin gerir ekki frekari athugasemdir við Kársnes – Þróunarsvæði, Rammahluti aðalskipulags.

Virðingarfyllt,

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærarlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993